

Alþingi
Eva Margrét Ævarsdóttir
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 17.11.2003
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda - 162. mál, 130. löggjafarþing.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 31. október 2003, þar sem sent er til umsagnar frv. til laga um verndun hafs og stranda, 162. mál, heildarlög.

Siglingastofnun Íslands telur að nefnd sem vann að ofan nefndu frumvarpi hafi um margt unnið gott starf og að með frumvarpinu sé í meginatriðum gerð bragarbót á þeim atriðum sem frumvarpið tekur til. Siglingastofnun vill þó vekja athygli á eftirfarandi atriðum í frumvarpinu:

Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er lagt til að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna verði háð leyfi Umhverfisstofnunar, en áður en leyfi er veitt skuli stofnunin hafa samráð við sjávarútvegsráðuneytið, Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnun Íslands. Siglingastofnun vill af þessu tilefni vekja athygli á ákvæði 5. málsg. 10. gr. laga um vitamál, nr. 132/1999, með síðari breytingum. Í því ákvæði segir: "Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar afla samþykkis Siglingastofnunar Íslands fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi."

11. gr.: Í greininni er fjallað um aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum. Siglingastofnun telur rétt að vísa jafnframt til reglna skv. EES-samningnum á sama hátt og vísað er til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, en ESB hefur sett tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum.


12. gr.: Gert er ráð fyrir að eigendur skipa eða skipstjórnarmenn ofl. skuli tafarlaust tilkynna stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun. Siglingastofnun vill vekja athygli á því að ákvæði af sama toga er að finna í lögum um vaktstöð siglinga nr. 41/2003, sbr. 11. og 17. gr., en skylt er að senda tilkynningar samkvæmt þeim lögum til vaktstöðvar siglinga, sbr. 4. gr. laganna.

15. gr.: Siglingastofnun Íslands telur að þessa grein verði að skoða með tilliti til tillagna nefndar um afmarkaðar siglingaleiðir skipa og laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003. Gera

þarf greinarmun á íhlutun á skipsstjórn áður en mengun hefur átt sér stað og íhlutun þegar mengun hefur þegar orðið.

20. gr.: Siglingastofnun Íslands telur að þessa grein verði að skoða með tilliti til tillagna nefndar um afmarkaðar siglingaleiðir skipa og laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003. Siglingastofnun telur að ákvæði um siglingaleiðir skipa eigi að vera í lögum á forræði samgönguráðuneytis og því beri að fella ákvæði 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins niður og styrkja ákvæði í lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, en með þeim lögum var innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE.

Virðingarfyllst,
f.h. Siglingastofnunar Íslands,



Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri

Afrit:

Samgönguráðuneytið

Meðfylgjandi:

Umsögn Siglingastofnunar Íslands um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi.

Umsögn Siglingastofnunar Íslands um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, sem lagt var fram á 127. löggjafarþingi.

Alþingi
Eva Margrét Ævarsdóttir
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 17.01.2003
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 10. desember 2002, þar sem sent er til umsagnar frv. til laga um verndun hafs og stranda, 240. mál, heildarlög.

Siglingastofnun Íslands telur að nefnd sem vann að ofan nefndu frumvarpi hafi um margt unnið gott starf og að með frumvarpinu sé í meginatriðum gerð bragarbót á þeim atriðum sem frumvarpið tekur til. Siglingastofnun vill þó vekja athygli á eftirfarandi atriðum í frumvarpinu:

Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er lagt til að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna verði háð starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins og að áður en leyfi er veitt skuli stofnunin hafa samráð við sjávarútvegsráðuneytið og Siglingastofnun Íslands. Siglingastofnun vill af þessu tilefni vekja athygli á ákvæði 2. gr. laga, sem samþykkt voru á Alþingi 13. desember sl., um breytingu á lögum um vitamál nr. 132/1999. Í því ákvæði segir m.a.: "Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar afla samþykkis Siglingastofnunar Íslands fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi."

11. gr.: Í greininni er fjallað um aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum. Vætanleg er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum og er því rétt að vísa jafnframt til reglna skv. EES-samningnum á sama hátt og vísað er til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

15. gr.: Siglingastofnun Íslands telur að þessa grein verði að skoða með tilliti til tillagna nefndar um afmarkaðar siglingaleiðir skipa og frumvarps til laga um vaktstöð siglinga. Gera þarf greinarmun á íhlutun á skipsstjórn áður en mengun hefur átt sér stað og íhlutun þegar mengun hefur þegar orðið.

20. gr.: Siglingastofnun Íslands telur að þessa grein verði að skoða með tilliti til tillagna nefndar um afmarkaðar siglingaleiðir skipa og frumvarps til laga um vaktstöð siglinga. Siglingastofnun telur að ákvæði um siglingaleiðir eigi að vera í lögum á forræði samgönguráðuneytis og því beri að fella ákvæði 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins niður eða að

sams konar ákvæði verði sett í frumvarp til laga um vaktstöð siglinga sem samgönguráðherra hefur lagt fram. Með því frumvarpi er verið að innleiða EES tilskipun sem fjallar m.a. um siglingaleiðir skipa.

Virðingarfyllt,
f.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri

Meðfylgjandi: Umsögn Siglingastofnunar Íslands um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, sem lagt var fram á 127. löggjafarþingi.

Alþingi
Helga E. Þórisdóttir
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 05.03.2002
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 27. febrúar 2002, þar sem sent er til umsagnar frv. til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál.

Siglingastofnun Íslands telur að nefnd sem vann að ofan nefndu frumvarpi hafi um margt unnið gott starf og að með frumvarpinu sé í meginatriðum gerð bragarbót á þeim atriðum sem frumvarpið tekur til. Siglingastofnun vill þó vekja athygli á eftirfarandi atriðum í frumvarpinu:

Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er lagt til að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna verði háðar starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins og að við veitingu þeirra verði haft samráð við sjávarútvegsráðuneyti jafnframt því að taka mið af mati á umhverfisáhrifum eins og við á. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri eru háðir mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í 52. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 eru eftirfarandi ákvæði um vernd sæstrengja:

„Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú er tjóni valdið á fjarskiptastreng af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna skulu önnur skip sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.“

Siglingastofnun Íslands telur ekki ástæðu til að kveða á um slíkt starfsleyfi Hollustuverndar frekar en Siglingastofnunar. Verði það hins vegar gert er eðlilegt að samráð sé jafnframt haft við Siglingastofnun Íslands vegna siglingaöryggis og merkingar um sæstrengi á sjókort. Jafnframt er lega sæstrengja merkt með leiðarmerkjum og í 5. mgr. 3. gr. vitalaga nr. 132/1999 kemur fram að ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Siglingastofnun Íslands sem leitar umsagnar siglingaráðs um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Siglingastofnunar Íslands sem þá sér um að merkið verði auglýst svo sem

nánar er greint í vitalögum.

11. gr.: Í greininni er fjallað um aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum. Væntanleg er tilskipun frá ESB um móttöku á sorpi í höfnum og er því rétt að vísa jafnframt til reglna skv. EES-samningnum á sama hátt og vísað er til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

15. gr.: Siglingastofnun Íslands telur að þessa grein verði að skoða með tilliti til tillagna nefndar um afmarkaðar siglingaleiðir skipa og frumvarpsdraga um öryggi siglinga og fjarskiptabjónustu við skip. Gera þarf greinarmun á íhlutun á skipsstjórn áður en mengun hefur átt sér stað og íhlutun þegar mengun hefur þegar orðið.

20. gr.: Siglingastofnun Íslands telur að þessa grein verði að skoða með tilliti til tillagna nefndar um afmarkaðar siglingaleiðir skipa og frumvarpsdraga um öryggi siglinga og fjarskiptabjónustu við skip. Siglingastofnun telur að ákvæði um siglingaleiðir eigi að vera í lögum á forræði samgönguráðuneytis og því beri að fella ákvæði 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins niður.

Virðingarfyllst,
f.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,
forstjóri

Gísli Viggósson,
forstöðumaður hafnasviðs